

50. fundur

19. júní 2024

Málsnr. 2009606SA

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna
Skólastjórafélags Íslands**

50. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn miðvikudaginn 19. júní árið 2024. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu f.h. SÍ, Þorsteinn Sæberg (PS) . F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Margrét Sigurðardóttir (MS) og Bjarni Ómar Haraldsson (BÓH) sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Breytingar á samþykktum Vonarsjóðs SÍ og FG

Lagt fram erindi í kjölfar árlegs samráðsfundar stjórnar Vonarsjóðs með samningsaðilum þar sem óskað er eftir staðfestingu samstarfsnefndar SÍ og SNS á framkomnum tillögum um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd samþykkir neðangreindar tillögur um breytingar á samþykktum Vonarsjóðs FG og SÍ og að þær taki gildi frá og með 1. ágúst 2024:

Breytingar vegna A deildar:

Starfsmenntunarstyrkur í A deild skv. grein 3.1. lið a hækkar úr kr. 350.000 og verður kr. 400.000. Upphæð verður hækkuð eins og við á í fylgiskjali með samþykktum og reglum Vonarsjóðs.

Breytingar vegna C deildar, Einstaklingsbundinn styrktarsjóður:

Eftirfarandi orðalag undir 3. mgr. í grein 3.1. undir C) Einstaklingsbundinn styrktarsjóður fellur niður:

„Eingöngu er hægt að sækja um styrk vegna viðburða/námskeiða sem haldin eru og greitt er fyrir eftir 1. ágúst 2021. Styrkurinn endurnýjast árlega 1. ágúst ár hvert“

Framangreint orðalag skal einnig fellt niður í fylgiskjali með samþykktum og reglum Vonarsjóðs.

4. mgr. greinar 4.6 um greiðslu styrkja skal hljóða svo:

Styrkir vegna andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfseflingar eru greiddir út skv. yfirliti yfir útgjöld sem fyllt er út á Mínum síðum. Stjórn sjóðsins/starfsfólk sjóða kallar eftir kvittunum ef þarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:30.